

## Ný setningafræðileg breyting? Um hina svokölluðu „nýju þolmynd“ í íslensku

### 1. Inngangur

Á þeim 1100 árum sem liðin eru frá landnámi Íslands hefur íslensk tunga tekið tiltölulega litlum breytingum. Flestar breytingar hafa orðið á hljóðkerfi málsins og þó þorri þeirra sé sérstakur fyrir íslensku eiga sumar sér hliðstæður í öðrum norrænum málum. Sem dæmi má nefna að hljóðdvalarbreytingin hefur orðið með svipuðu móti í öllum norrænu málunum nema dönsku og *hv-* varð að *kv-* í vesturnorskum mállýskum og færeysku rétt eins og í máli flestra Íslendinga (sbr. Stefán Karlsson 1989). Breytingarkerfi íslenskunnar og setningagerð hafa hins vegar breyst minna en hljóðkerfið. Þannig varðveitir íslenska að mestu enn sameiginlegt fornnorrænt beygingarkerfi þó ýmsar minni háttar breytingar hafi orðið á beygingu einstakra orða og beygingarflokka. Setningagerð málsins hefur einnig breyst tiltölulega lítið en erfiðara er að fá yfirlit yfir breytingar á þessu sviði málsins þar sem því er yfirleitt sleppt þegar fjallað er um íslenskar málbreytingar í málsögubókum (sjá t.d. Stefán Karlsson 1989). Setningagerð íslenskunnar hefur þó tekið breytingum í aldanna rás rétt eins og önnur svið málsins. Sem dæmi má nefna að orðaröð innan sagnliðar virðist hafa verið frjálssari í forníslensku en í nútímamáli og reglur um afturbeygingu virðast hafa verið talsvert aðrar í fornu máli en í nútímamáli (sbr. Eirík Rögnvaldsson 1995). Þá má nefna að orðaforði málsins hefur breyst mikið frá landnámi, sérstaklega á tuttugustu öldinni þegar gerbreyting varð á íslensku samfélagi. Öll helstu svið málsins hafa því tekið breytingum, mismiklum þó.

Íslenskt mál heldur áfram að breytast og margir telja að erlend áhrif, fjölmiðlabylltingin og aðrar breytingar á lífsháttum okkar á upplýsingaöld stuðli að örari breytingum á tungunni en verið hefur. Þar sem málbreytingar gerast ekki í einni svipan heldur eru oft nokkra mannsaldra að ganga yfir getur verið erfitt að átta sig á þeim breytingum sem eru að verða á tungunni. Það gildir það sama um málbreytingar og aðrar breytingar að þeim er auðveldara að lýsa eftir að þeim er lokið en á meðan þær eru að ganga yfir. Í þessari grein verður fjallað um málbreytingu sem virðist vera að eiga sér stað í íslensku og lýsir sér þannig að yngri málnotendur geta sagt setningarnar í (1) og (2) en eldri málnotendur geta aðeins sagt setningarnar í (2):

#### (1) *Yngri málnotendur*

- a. Það var beðið *mig* að vaska upp í gær (,,Nýja þolmyndin“)  
Í gær var beðið *mig* að vaska upp
- b. Það var hrint *mér* fyrir framan blokkina  
Fyrir framan blokkina var hrint *mér*

#### (2) *Eldri og yngri málnotendur*

- a. *Ég* var beðin að vaska upp í gær (Hefðbundin þolmynd)
- b. *Mér* var hrint fyrir framan blokkina

Hér er um breytingu á setningagerð málsins að ræða og hefur þessi nýjung verið nefnd „nýja þolmyndin“ (sbr. Helga Skúla Kjartansson 1991). Þessi nafngift stafar af því að hin nýja setningagerð er mynduð með hjálparsögninni *vera* og lýsingarhætti þátíðar af aðalsögn rétt eins og hefðbundin þolmynd. Einnig virðist nýja setningagerðin hafa

sömu merkingu og vera notuð við svipaðar aðstæður í málinu og hefðbundin þolmynd. Í þessari grein verður fjallað um niðurstöður viðamikillar rannsóknar á þessari málbreytingu sem við Joan Maling, prófessor við Brandeis-háskóla í Bandaríkjunum, höfum staðið að á undanförunum árum. Niðurstöður rannsóknar okkar sýna að þessi nýja setningagerð hefur í raun ekki setningafræðileg einkenni þolmyndar heldur virðist hér vera komin fram ný gerð ópersónulegrar germyndar í málinu. Þó ekki verði fjallað mikið um þessa hlið niðurstaðna okkar í þessari grein er rétt að benda á að heitið „nýja þolmyndin“ er því setningafræðilega séð rangnefni og betra væri að nefna þessa nýju setningagerð „nýju ópersónulegu germyndina.“ Nánari umfjöllun um setningafræðilega hegðun þessarar nýju setningagerðar má finna í Sigríði Sigurjónsdóttur og Joan Maling (væntanlegt).

## 2. Nýja setningagerðin

Í hverju felst þessi málbreyting? Skoðum fyrst setningafræðilega formgerð hefðbundinnar þolmyndar í íslensku. Í (3) má sjá mismunandi gerðir hefðbundinnar þolmyndar. Þolmynd er mynduð með hjálparsögninni *vera* og lýsingarhætti þátíðar af aðalsögn. Til er þrenns konar þolmynd: Nefnifallspolmynd, aukafallspolmynd og ópersónuleg þolmynd.

- (3) *Hefðbundin þolmynd*
- |  |        |                       |
|--|--------|-----------------------|
| a. <i>Stúlkan</i> var lamin í klessu   | (nf.)  | (Nefnifallspolmynd)   |
| <i>Stúlkurnar</i> voru lamdar í klessu |        |                       |
| b. <i>Henni</i> var hrint í skólanum   | (þgf.) | (Aukafallspolmynd)    |
| <i>Þeim</i> var hrint í skólanum       |        |                       |
| c. <i>Kennarans</i> var saknað         | (ef.)  |                       |
| <i>Okkar</i> var saknað                |        |                       |
| d. Það var dansað í kringum jólatréð   |        | (Ópersónuleg þolmynd) |

Nefnifallspolmynd er mynduð af áhrifssögn í germynd sem tekur með sér geranda í frumlagssæti og andlag í þolfalli. Andlagið fær síðan nefnifall þegar það flyst upp í frumlagssætið í þolmynd, sjá (3a). Hjálparsögnin *vera* og lýsingarháttur þátíðar af aðalsögn samræmast nefnifallsfrumlagi þolmyndarsetningarinnar í beygingu. Aukafallspolmynd er mynduð af áhrifssögn í germynd sem tekur með sér geranda í frumlagssæti og andlag í þágufalli eða eignarfalli. Andlagið heldur innbyggðu falli sínu er það flyst upp í frumlagssætið í þolmynd og hjálparsögnin og lýsingarháttur þátíðar af aðalsögn samræmast því ekki (sjá 3b og c). Aukafallspolmynd er því frábrugðin nefnifallspolmynd m.a. að því leyti að hjálparsögnin stendur alltaf í 3. persónu eintölu og lýsingarhátturinn í hvorugkyni nefnifalli eintölu. Ópersónuleg þolmynd nefnist þolmynd sem mynduð er af áhrifslausum sögnum sem taka með sér geranda í frumlagssæti. Þar sem áhrifslausar sagnir taka ekki neitt andlag er ekki um neinn þolanda að ræða sem fyllt getur frumlagssæti þolmyndar. Í staðinn er yfirleitt beitt *það*-innskoti (sjá 3d). Eins og í aukafallspolmynd stendur hjálparsögnin í ópersónulegri þolmynd alltaf í 3. persónu eintölu og lýsingarhátturinn í hvorugkyni nefnifalli eintölu.

Dæmi um nýju setningagerðina eru gefin í (4). Þessi dæmi samsvara dæmunum sem gefin voru um hefðbundna þolmynd í (3). Flestum eldri málhöfum þykja setningarnar í (4) ótækar. Munurinn á máltilfinningu yngri og eldri málhafa kemur greinilega fram í niðurstöðum rannsóknar okkar þar sem rúm 70% fimmtán til sextán ára unglinga dæma setningu (4a) tæka en það gera aðeins 4% fullorðinna.

- (4) *Nýja setningagerðin*
- a. Það var lamið *stúlkuna* í klessu (,,Nýja þolmyndin“)
  - b. Það var hrint *henni* í skólanum
  - c. Það var saknað *kennarans*

Ef nýja setningagerðin er borin saman við setningar í hefðbundinni þolmynd þá einkennist hún af því að andlag germyndar flyst ekki upp í frumlagssætið í þolmynd og andlagið heldur falli sínu hvort sem um er að ræða formgerðarlegt fall (þ.e. þolfall) eins og í (4a) eða innbyggt fall (þ.e. þágufall eða eignarfall) eins og í (4b og c). Frumlagssæti þolmyndar er þar af leiðandi tómt og því verður að beita *það*-innskoti þar sem *það* er svokallað merkingarlaust gervifrumlag. Eins og hefðbundin þolmynd er nýja þolmyndin mynduð með hjálparsögninni *vera* og lýsingarhætti þátíðar af aðalsögn. Hjálparsögnin stendur alltaf í 3. persónu eintölu og lýsingarhátturinn í hvorugkyni eintölu nefnifalli eins og í aukafallsþolmynd og ópersónulegri þolmynd.

Það er athyglisvert að svipuð setningagerð og nú er að koma fram í íslensku þróaðist í pólsku og írsku fyrir nokkur hundruð árum. Joan Maling (1993) færir rök fyrir því að hin svokallaða *-no/to*-setningagerð í pólsku og „óbeygjanleg“ setningagerð í írsku hafi öll einkenni germyndar en ekki þolmyndar. Hún gerir ráð fyrir að báðar þessar setningagerðir hafi þróast út frá hefðbundinni þolmynd. Í (5) er sýnt dæmi um þessar tvær setningagerðir, hefðbundna þolmynd og hina svokölluðu *-no/to*-setningagerð í pólsku:

- (5) *Tvær gerðir „þolmyndar“ í pólsku* (sbr. Maling 1993)
- a. Świątynia była zbudowana w 1640 roku (Hefðbundin þolmynd)  
kirkja-NF. var byggð-KVK.ET. í 1640 ár  
„Kirkjan var byggð árið 1640“
  - b. Świątynię zbudowano w 1640 roku (Svokölluð *-no/to*-setningagerð)  
kirkja-ÞF. byggð-ÓPERS. í 1640 ár  
„Kirkjan var byggð árið 1640“

Án þess að það verði rætt frekar hér er rétt að benda á að *-no/to*-setningagerðin í pólsku (sjá (5b)) hefur önnur setningafræðileg einkenni en hefðbundin þolmynd. T.d. má nefna að *-no/to*-setningagerðin getur bundið afturbeygt fornafn, sjá (6b), en það getur hefðbundin þolmynd hins vegar ekki, sjá (6a).

- (6) *Afturbeygt fornafn í tveimur gerðum „þolmyndar“ í pólsku* (sbr. Maling 1993)
- a. \*Swoja własna ojczyzna była chwalona (Hefðbundin þolmynd)  
SIG eigið móðurland-NF. var lofað-KVK.ET.  
„\*Sitt eigið föðurland var lofað“
  - b. Zamknięto się w fabryce (Svokölluð *-no/to*-setningagerð)  
lokað-ÓPERS. SIG í verksmiðju  
„Þeir lokuðu sjálfa sig inni í verksmiðjunni“

Eins og kom fram í fyrsta kafla benda niðurstöður okkar Joan til að nýja setningagerðin í íslensku sé ný gerð ópersónulegrar germyndar sem er að þróast út frá hefðbundinni þolmynd í málinu. Nýja setningagerðin í íslensku virðist hegða sér setningafræðilega séð eins og svokölluð *-no/to*-setningagerð í pólsku og svokölluð „óbeygjanleg“ setningagerð í írsku, m.a. með tilliti til afturbeygðra fornafna, sjá dæmin í (7).

- (7) *Afturbeygt fornafn í hinni nýju setningagerð í íslensku*
- Það var leikið *sér* allan daginn
  - Síðan er tekið *sér* augnablikshvöld frá matargerðinni ...
  - Það var horft á *sjálfan sig* í speglinum

Hér virðist því vera um hliðstæða þróun í pólsku, írsku og íslensku að ræða. Rétt er að taka fram að þessi nýjung í pólsku og írsku er nokkur hundruð árum eldri en í íslensku og ljóst er að pólska og írka hafa ekki haft þessi áhrif á íslensku. Miklu líklegra er að þessi hliðstæða þróun í málunum stafi af sameiginlegri tilhneigingu í þessum (fjar)skyldu indóevrópsku málum.

### 3. Rannsókn okkar á þessari nýju setningagerð í íslensku

Hingað til hefur lítið verið minnst á hina nýju setningagerð í íslenskum málfræðiritum. Eins og kemur fram í (8) var að því er við best vitum fyrst minnst á hana í cand. mag. ritgerð Helga Bernóðssonar (1982). Síðan hafa verið nefnd dæmi um hana af og til í málfræðiritum og Helgi Skúli Kjartansson ritaði athyglisverða grein um þessa málbreytingu í *Skímu* 1991.

- (8) *Nýja setningagerðin í málfræðiritum hingað til*
- Það var hjálpað *mér* í skólanum (Helgi Bernóðsson 1982:212)  
 Það var barið *mig* (Helgi Bernóðsson 1982:242, neðanmg. 45)  
 Það var skilið *mig* eftir
  - Helgi Hálfðanarson, *Gætum tungunnar* (1984:31), Málvilla 174  
*Heyrst hefur*: Það var sagt honum að fara  
 RÉTT VÆRI: *Honum var sagt að fara*  
 Leiðréttum þetta hjá börnum
  - ?Það var fleygt *bókunum* (Jón Friðjónsson 1989:81)  
 ?Það var saknað *stráksins*
  - Það var kosið *hana* í gær (Halldór Ármann Sigurðsson 1989:355)
  - Var beðið *þig* að skrifa? (Helgi Skúli Kjartansson 1991:18-22)  
 Það var strítt *henni* allan veturinn

Við Joan Maling hófum að rannsaka þessa nýju setningagerð árið 1996. Þá stóðum við að lítilli frumathugun á þessari setningagerð í Reykjavík og á tveimur stöðum úti á landi (sjá Aðalheiði Þ. Haraldsdóttur 1997, Guðbjörgu M. Björnsdóttur 1997, Joan Maling og Sigríði Sigurjónsdóttur 1997). Fljótlega eftir þetta fórum við að undirbúa mjög viðamikla athugun á þessari nýju setningagerð. Við hönnuðum spurningablað og veturinn 1999-2000 réðum við aðstoðarmenn sem lögðu spurningablaðið fyrir 1731 nemanda í 10. bekk (15-16 ára unglunga) í 65 skólum um allt land. Þetta þýðir að við prófuðum 45% árgangsins (unglingar fæddir árið 1984). Spurningablaðið var einnig lagt fyrir 205 fullorðna um allt land.

Spurningablaðið var með 68 setningum í handahófskenndri röð. 17 þessara setninga voru svokallaðar viðmiðunarsetningar og voru þær sumar tækar en aðrar ótækar. Þessar viðmiðunarsetningar voru m.a. notaðar til þess að meta hvort svör viðkomandi væru marktæk. 51 setning var svo með hinni nýju setningagerð í mismunandi setningafræðilegu umhverfi. Aðstoðarmaður fór í bekkina sem prófaðir voru og leiðbeindi unglungunum við að fylla út spurningablaðið. Þátttakendur voru beðnir um að merkja við einn af tveimur möguleikum, sjá (9).

- (9) *Fyrirmæli efst á prófblaði*

Leiðbeiningar: Settu X í viðeigandi dálk  
 Já = Svona getur maður sagt!  
 Nei = Svona getur maður **ekki** sagt!

Þátttakendur voru einnig beðnir um að fylla út blað með ýmsum persónuupplýsingum. Á því blaði kemur t.d. fram kyn þátttakandans, fæðingarár, móðurmál, búsetusaga og menntun foreldra. Eftir að búið var að útiloka þátttakendur sem samþykktu tvær eða fleiri af ótæku viðmiðunarsetningunum höfum við, eins og kemur fram í (10), niðurstöður frá 1695 unglíngum í 10. bekk og 200 fullorðnum. Af þessum 1695 unglíngum eru 845 drengir og 850 stúlkur. Allar niðurstöður, sem fjallað er um í þessari grein, byggja á svörum þessara 1695 unglínga nema annað sé tekið fram.

(10) *Fjöldi þátttakenda í hverjum landshluta*

Landshluti	Unglingar	Fullorðnir
Vesturland	181	34
Vestfirðir	95	24
Norðurland	262	27
Austurland	146	21
Vestmannaeyjar	72	16
Suðurland	218	19
Suðurnes	138	20
Úthverfi Reykjavíkur	363	39
Reykjavík vestan Ellidaáa	220	
Samtals	1695	200

Í töflunni kemur fram hversu margir þátttakendur voru úr hverjum landshluta. Eins og kemur fram neðst í töflunni höfum við skipt Reykjavík og nágrennasveitarfélögum (Seltjarnarnesi, Kópavogi, Hafnarfirði og Mosfellsbæ) í tvo flokka sem við köllum annars vegar úthverfi Reykjavíkur og hins vegar Reykjavík vestan Elliðaáa og er þá farið eftir staðsetningu skóla á Reykjavíkursvæðinu. Gerð verður grein fyrir ástæðunni fyrir þessari skiptingu í næsta kafla en á svæðinu, sem er vestan Elliðaáa, eru þeir þáttökuskólar á Seltjarnarnesi og í Reykjavík sem eru vestan Elliðaáa og norðan Fossvogs. Á svæðinu, sem nefnt er úthverfi Reykjavíkur, eru hins vegar þáttökuskólar í Grafarvogi, Árbæ, Breiðholti, Mosfellsbæ, Kópavogi og Hafnarfirði. En snúum okkur nú að niðurstöðum rannsóknarinnar.

**4. Niðurstöður**

Niðurstöður rannsóknar okkar benda til að nýja setningagerðin sé algeng í máli unglínga í dag en eldra fólk samþykki hins vegar yfirleitt ekki slíkar setningar. Í töflunni í (11) er sýnt hlutfall jákvæðra svara í hverjum landshluta fyrir nýju setningagerðina með [+lifandi] andlagi í þolfalli annars vegar og þágufalli hins vegar. Hér er um að ræða prófsetningar með hinn nýju setningagerð, svipaðar setningunum í (1) og (4) hér að framan. Eins og kemur fram í töflunni er hlutfall jákvæðra svara

heldur hærra þegar andlagið er í þágufalli en þegar það er í þolfalli og þessi munur er tölfræðilega marktækur. Einnig er hlutfall jákvæðra svara breytilegt eftir landshlutum og sker Reykjavík sig þar sérstaklega úr. Þegar við vorum að vinna úr niðurstöðum rannsóknarinnar kom í ljós að sumir skólar á Stór-Reykjavíkursvæðinu skáru sig úr að því leyti að þar samþykkti miklu lægra hlutfall nemenda setningar með hinni nýju setningagerð en annars staðar á landinu. Sambærilegur munur á milli skóla kom ekki fram í öðrum landshlutum en þó er rétt að nefna að hlutfall jákvæðra svara á næststærsta þéttbýlissvæði landsins, Akureyri, var heldur lægra en á Norðurlandi almennt en þessi munur var ekki tölfræðilega marktækur. Hvað sem því líður er ljóst að greinilegur munur er á því hvernig unglingar, sem ganga í skóla í Reykjavík á svæðinu sem afmarkast af Elliðaám og Fossvogi, dæma þessar setningar og hvernig unglingar annars staðar á landinu dæma þessar sömu setningar. Þessi munur er tölfræðilega marktækur og kemur fram í öllum setningum með hinni nýju setningagerð á prófinu en hins vegar kemur enginn munur fram á milli landsvæða þegar viðmiðunarsetningarnar eru athugaðar eins og sýnt verður hér á eftir. Þetta er ástæðan fyrir því að við höfum skipt Reykjavík og nágrannasveitarfélögum í tvo flokka sem við köllum annars vegar úthverfi Reykjavíkur og hins vegar Reykjavík vestan Elliðaáa. Þessari skiptingu er sem sagt ætlað að gera þennan mun í niðurstöðum okkar sýnilegan.

- (11) *Hlutfall jákvæðra svara í hverjum landshluta fyrir nýju setningagerðina með [+ lifandi] andlagi*

Landshluti	Andlag í þolfalli		Andlag í þágufalli	
	Unglingar	Fullorðnir	Unglingar	Fullorðnir
Vesturland	68%	3%	73%	6%
Vestfirðir	62%	3%	68%	7%
Norðurland	55%	3%	60%	7%
Austurland	51%	4%	57%	6%
Vestmannaeyjar	64%	5%	71%	4%
Suðurland	60%	1%	68%	9%
Suðurnes	68%	7%	75%	3%
Úthverfi Reykjavíkur	53%	1%	60%	3%
Reykjavík vestan Elliðaáa	28%		35%	

Sem dæmi má nefna að þegar t-prófi er beitt á niðurstöður okkar fyrir hina nýju setningagerð með þf.-andlagi, annars vegar fyrir úthverfi Reykjavíkur (meðaltal (m)=0,52; staðalfrávik (sf)=0,32) og hins vegar fyrir Reykjavíkursvæðið vestan Elliðaáa (m=0,28; sf=0,27), kemur í ljós að það eru tölfræðilega marktæk tengsl á milli landsvæðis og hlutfalls jákvæðra svara,  $t(520,641)=9,636$ ;  $p \leq 0,001$ . Unglingar í úthverfum Reykjavíkur eru næstum því tvisvar sinnum líklegri til að samþykka setningar með hinni nýju setningagerð en unglingar sem ganga í skóla vestan Elliðaáa. Þessi munur er mjög marktækur. Það sama á við um setningar með þgf.-andlagi, (m=0,35; sf=0,34 fyrir Reykjavík vestan Elliðaáa og m=0,60; sf=0,37 fyrir úthverfi

Reykjavíkur;  $t(581)=8,119$ ;  $p\leq 0,001$ ). Hins vegar er ekki marktækur munur á jákvæðum svörum unglunga sem ganga í skóla í úthverfum Reykjavíkur og úti á landi, hvorki fyrir setningar með þolfallsandlagi, ( $m=0,52$ ;  $sf=0,32$  fyrir úthverfi Reykjavíkur og  $m=0,51$ ;  $sf=0,35$  fyrir aðra landshluta en Reykjavík;  $t(616,842)=-0,394$ ;  $p=0,694$ ), né þágufallsandlagi, ( $m=0,60$ ;  $sf=0,37$  fyrir úthverfi Reykjavíkur og  $m=0,57$ ;  $sf=0,39$  fyrir aðra landshluta en Reykjavík;  $t(607,914)=-1,018$ ;  $p=0,309$ ).

#### 4.1 Geta unglingar dæmt setningar?

Einhverjir velta því eflaust fyrir sér hvort við getum virkilega treyst niðurstöðum eins og þessum frá fimmtán til sextán ára unglungum, þ.e. er hægt að ætlast til þess að fimmtán til sextán ára unglingar geti dæmt setningar? Niðurstöður okkar benda til að unglungunum í þessari rannsókn hafi verið treystandi. Þannig eru niðurstöður úr prófinu mjög kerfisbundnar og við sjáum yfirleitt svipaðan breytileika í svörum unglunganna og í svörum fullorðinna. Þannig bendir allt til þess að þeir 1695 unglingar, sem við byggjum niðurstöður okkar á, hafi verið með hugann við prófið og fyllt spurningablaðið út af stakri samviskusemi.

Það bendir t.d. til áreiðanleika niðurstaðna okkar að hlutfall jákvæðra svara hjá unglungunum er svipað og hjá fullorðnum í viðmiðunarsetningunum, hvort sem þær eru tækar eða ótækar. Meðalhlutfall jákvæðra svara fyrir unglunga í hinum 11 tæku viðmiðunarsetningum er t.d. 93%. Sama hlutfall hjá fullorðnum er 94%. Eins og sést á þessum tölum eru niðurstöðurnar þær sömu fyrir unglunga og fullorðna. Einnig er nær enginn munur eftir landsvæðum (ekki heldur á svæðinu vestan Elliðaáa og öðrum svæðum). Ein af hinum tæku viðmiðunarsetningum er gefin í (12a). Þetta er setning í hefðbundinni þolmynd. Í fyrri dálknum í töflunni í (13) birtum við niðurstöður úr hverjum landshluta fyrir þessa setningu. Niðurstöður okkar sýna svipað hlutfall jákvæðra svara hjá unglungum og hjá fullorðnum. Auk þess að sýna fram á áreiðanleika niðurstaðna okkar þá sýnir þessi niðurstaða að hin nýja setningagerð og hefðbundin þolmynd útiloka ekki hvor aðra. Þannig samþykkja margir unglingar nýju setningagerðina og þessir sömu unglingar samþykkja einnig hefðbundnar þolmyndarsetningar. Þessi niðurstaða bendir til að hér stefni í sömu þróun og hefur þegar átt sér stað í pólsku en eins og sýnt var í dæmi (5) þá hefur pólska bæði hefðbundna þolmynd og hina svokölluðu *-no/to*-setningagerð. Í írsku þar sem svipuð málbreyting átti sér stað hvarf hins vegar hefðbundin þolmynd við það að hin nýja setningagerð kom fram (sbr. Maling 1993).

(12) *Dæmi um tæka og ótæka viðmiðunarsetningu í prófinu*

- a. Ólafur var rekinn úr skólanum (Tæk viðmiðunarsetning)
- b. \*Haraldur er ennþá veikt (Ótæk viðmiðunarsetning)

(13) *Hlutfall jákvæðra svara í hverjum landshluta fyrir viðmiðunarsetningarnar í*

(12)

Landshluti	Tæk setning		Ótæk setning	
	Unglingar	Fullorðnir	Unglingar	Fullorðnir
Vesturland	99%	100%	6%	3%
Vestfirðir	98%	96%	9%	0%
Norðurland	99%	96%	3%	0%
Austurland	100%	95%	6%	0%
Vestmannaeyjar	97%	100%	14%	6%
Suðurland	100%	100%	5%	0%
Suðurnes	99%	100%	7%	0%
Úthverfi Reykjavíkur	98%	100%	5%	0%
Reykjavík vestan Elliðaáa	96%		6%	

Ein af hinum fimm ótæku viðmiðunarsetningum er gefin í (12b). Í seinni dálknum í töflunni í (13) birtum við niðurstöður úr hverjum landshluta fyrir þessa setningu. Niðurstöður okkar sýna heldur hærra hlutfall jákvæðra svara hjá unglungum en hjá fullorðnum, að meðaltali er munurinn um 5-6%. Þessi niðurstaða bendir til að ef einhver skekkja er í niðurstöðum okkar þá komi hún einkum fram í því að unglungarnir samþykki setningar sem þeim þykja í raun ótækar. Þessi skekkja ætti þó ekki að vera meiri en 5-6%.

## 5. Félagslegir þættir

### 5.1 Hefur kyn málhafa og menntun foreldra áhrif á notkun þessarar nýju setningagerðar?

Eins og komið hefur fram fylgdi spurningablaðinu blað þar sem nemendur voru m.a. beðnir um að gefa upp kyn sitt og menntun foreldra. Í töflunni í (14) eru sýndar niðurstöður fyrir kyn málhafa, piltar annars vegar og stúlkur hins vegar. Taflan sýnir að ekki er mikill munur á notkun pilta og stúlkna á þessari nýju setningagerð og þessi munur er ekki tölfræðilega marktækur.

(14) *Kyn málhafa og nýja setningagerðin*

Kyn málhafa	Andlag í		Þágufalli	
	Piltar	Stúlkur	Piltar	Stúlkur
Vesturland	67%	69%	72%	73%
Vestfirðir	64%	61%	76%	62%
Norðurland	57%	54%	64%	56%
Austurland	50%	51%	60%	55%
Vestmannaeyjar	63%	67%	66%	77%
Suðurland	59%	61%	69%	68%
Suðurnes	67%	79%	72%	78%
Úthverfi Reykjavíkur	52%	54%	58%	62%
Reykjavík vestan Elliðaáa	31%	25%	36%	33%

Annar félagslegur þáttur, sem við athuguðum, var menntun foreldra. Nemendur voru beðnir um að merkja við einn af þeim þremur möguleikum sem koma fram í (15), bæði fyrir móður og föður. Ekki voru allir nemendur vissir um menntun foreldra sinna en aðstoðarmenn hjálpuðu þeim eftir föngum, og var þá oft dregin ályktun um menntun foreldra út frá starfi þeirra. Taflan í (15) sýnir niðurstöður fyrir menntun móður og hlutfall jákvæðra svara fyrir nýju setningagerðina með andlag í þolfalli í hverjum landshluta. Athugið að ekki gáfu allir nemendur upplýsingar um menntun foreldra sinna og þessar niðurstöður byggja því á heldur færri nemendum en aðrar niðurstöður okkar, eða á 1547 nemendum í stað 1695.

(15) *Menntun móður*

1 = Gagnfræðapróf eða skyldunám; 2 = Nám á framhaldsskólastigi; 3 = Nám á háskólastigi

Landshluti	Menntun móður	Þf.-andlag	Landshluti	Menntun móður	Þf.-andlag
Vesturland	1	71%	Suðurland	1	62%
	2	66%		2	57%
	3	57%		3	44%
Vestfirðir	1	67%	Suðurnes	1	73%
	2	56%		2	64%
	3	50%		3	63%
Norðurland	1	58%	Úthverfi Reykjavíkur	1	60%
	2	56%		2	50%
	3	42%		3	41%
Austurland	1	53%	Reykjavík vestan Ellidaáa	1	33%
	2	47%		2	31%
	3	41%		3	23%
Vestmanna- eyjar	1	62%			
	2	69%			
	3	56%			

Eins og sést í töflunni hefur menntun móður (og föður reyndar líka þó að við birtum ekki þær niðurstöður hér) áhrif á notkun þessarar nýju setningagerðar hjá unglingum. Þessi munur, sem er tölfræðilega marktækur, felst í því að hlutfall unglunga, sem samþykkja hina nýju setningagerð, er lægra eftir því sem menntun foreldra verður meiri. Þannig er t.d. hlutfall jákvæðra svara lægst í hverjum landshluta fyrir móður sem lokið hefur námi á háskólastigi. Sem sagt: niðurstöður okkar sýna að eftir því sem foreldrar hafa meiri menntun því minni er notkun hinnar nýju setningagerðar hjá börnum þeirra. Svipaður munur eftir menntun foreldra kom fram í rannsókn Ástu Svavarsdóttur (1982) á þágufallssýki hjá 11 ára unglingum. Þessar tvær rannsóknir benda því til að þróunin hérlendis sé sú sama og víða erlendis þar sem mállyskur eru nú frekar háðar félagslegum þáttum, eins og stétt manna og menntun, en landfræðilegri búsetu.

Í þessu sambandi er vert að hafa í huga þann mun sem kom fram á hlutfalli jákvæðra svara hjá unglingum sem ganga í skóla á Reykjavíkursvæðinu vestan Elliðaáa og norðan Fossvogs og unglunga annars staðar á landinu (sjá töfluna í 11). Reykjavíkursvæðið vestan Elliðaáa skar sig greinilega úr og þar samþykkti um helmingi lægra hlutfall nemenda setningar með hinni nýju setningagerð en annars staðar á landinu. Í skýrslu, sem þróunarsvið Reykjavíkurborgar fékk Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands til að taka saman og kynnt var í *Morgunblaðinu* í febrúar 2001, kemur m.a. fram að á svæðinu, sem hér um ræðir, Reykjavíkursvæðinu

vestan Elliðaáa, býr hlutfallslega fleira háskólamenntað fólk en annars staðar á landinu. Það er því hægt að láta sér detta í hug að sú niðurstaða rannsóknar okkar, að unglingar, sem ganga í skóla á þessu svæði, dæma setningar með hinni nýju setningagerð um helmingi sjaldnar tækar en unglingar annars staðar á landinu, tengist því að á þessu svæði er menntun foreldra hlutfallslega mest. Þegar taflan í (15) er skoðuð nánar sést þó að menntun foreldra segir ekki alla söguna þar sem hlutfall jákvæðra svara er mikið lægra hjá öllum hópunum á Reykjavíkursvæðinu vestan Elliðaáa en annars staðar á landinu, sama hvaða menntun móðir hefur. Þannig er t.d. hlutfall jákvæðra svara aðeins 33% hjá unglungum á Reykjavíkursvæðinu vestan Elliðaáa sem eiga móður sem lokið hefur gagnfræðaprófi eða skyldunámi en samsvarandi hlutfall er á bilinu 53-73% annars staðar á landinu. Það er því ljóst að eitthvað fleira en menntun foreldra hefur áhrif á þann mun sem kemur fram á hlutfalli jákvæðra svara hjá unglungum sem ganga í skóla á þessum hluta Reykjavíkursvæðisins og annars staðar á landinu. Hér verður ekkert fullyrt um af hverju þessi munur stafar en e.t.v. tengist hann námsárangri nemenda og hæfni þeirra til að taka próf. Meðal þeirra skóla, sem farið var í á Reykjavíkursvæðinu vestan Elliðaáa, voru t.d. þeir skólar sem hlutu hæstu meðaleinkunn á samræmdum prófum vorið 2000 (sbr. Námsmatsstofnun). Það virðist því ekki fráleit hugmynd að sá munur, sem kemur fram á þessu svæði og öðrum á landinu, tengist námsárangri nemenda. Í þessu sambandi er þó rétt að hafa í huga að niðurstöður rannsóknar okkar á þessari nýju setningagerð í mismunandi setningafræðilegu umhverfi benda til að þessi málbreyting hafi hafist úti á landi og sé lengra komin þar en í Reykjavík (sjá lokaorð og Sigríði Sigurjónsdóttur og Joan Maling, væntanlegt). Þannig er e.t.v. eðlilegt að hlutfall jákvæðra svara sé heldur lægra í Reykjavík en úti á landi þó sá munur, sem fram kemur, sé töluvert meiri en búast mátti við.

## 5.2 Hvenær verður þessarar nýju setningagerðar fyrst vart?

Niðurstöður rannsóknar okkar sýna að nýja setningagerðin er algeng í máli barna og unglinga í dag. Flestir fullorðnir samþykkja hins vegar ekki slíkar setningar. Elstu dæmi um þessa nýju setningagerð, sem við vitum um, eru frá því um 1968. Þá bjó kona á Akranesi sem minnst þess að hafa orðið skelfingu lostin þegar hún heyrði eitt barna sinna segja setninguna í (16a). Þessi kona bjó á Akranesi á árunum 1961-1971 og segir að slík málnotkun hafi verið orðin nokkuð algeng hjá börnum þar um 1968. Dóttir þessarar konu tekur undir þetta og man vel eftir leiðréttingum móður sinnar. Frá Akranesi fluttu þær mæðgur síðan til Reykjavíkur 1972 en þar urðu þær lítið sem ekkert varar við þessa nýju setningagerð (sjá Aðalheiði Þ. Haraldsdóttur 1997:22).

(16) *Dæmi um hina nýju setningagerð hjá fullorðnum*

- a. „Það var gefið mér nammi“ (kona fædd á Akranesi 1958)
- b. „Það er mótmælt þessum vinnubrögðum“ (karl fæddur á Vestfjörðum 1942)
- c. „Það var truflað mig í lok þáttarins“ (karl fæddur á Norðurlandi 1950)
- d. „Það var jarðað hann í gær“ (karl fæddur á Norðurlandi 1941)

Þótt þessarar nýju setningagerðar gæti mest í talmáli barna og unglinga, þá eru dæmi þess að henni bregði fyrir í máli fullorðinna, eins og dæmin í (16b-d) sýna. Þetta eru nýleg dæmi úr talmáli miðaldra fólks sem málfræðingar, málfarsráðunautar og prófarkalesarar hafa sent okkur. Athyglisvert er að allt þetta fólk er utan af landi en niðurstöður rannsóknar okkar benda einmitt til að þessi málbreyting sé lengra komin úti á landi en í Reykjavík. Einnig sýna dæmin í (17) að ung börn nota þessa nýju setningagerð og dæmið í (17c) sýnir að þau virðast rétt eins og unglingar nota þessa

nýju setningagerð jafnhliða hefðbundinni þolmynd (sjá Aðalheiði Þ. Haraldsdóttur 1997:23).

(17) *Dæmi úr barnamáli*

- a. Það var fundið *peysuna mína* í dag (8 ára) (Nýja setningagerðin)
  - b. Það hefur verið gefið *þér oft kökur* (8 ára) (Nýja setningagerðin)
  - c. Rebekka: Það er bundið *honum* (3 ára) (Nýja setningagerðin)
- Móðir: Hvernig er þetta með karlinn?  
Rebekka: *Hann* er bindaður (Hefðbundin þolmynd)

## 6. Lokaorð

Að lokum er eðlilegt að velta því fyrir sér hvers vegna þessi breyting er að verða í íslensku? Þó við höfum ekki svar við þeirri spurningu á reiðum höndum er rétt að benda á að samkvæmt rannsóknum Joan Maling (1993) þróaðist svipuð setningagerð og nú er að koma fram hér í írsku og pólsku fyrir nokkur hundruð árum. Hér virðist því vera um hliðstæða þróun í írsku, pólsku og íslensku að ræða. Rétt er að taka fram að þessi nýjung í írsku og pólsku er nokkur hundruð árum eldri en í íslensku og ljóst er að írsku og pólska hafa ekki haft þessi áhrif á íslensku. Þessi breyting í íslensku virðist því ekki stafa af erlendum áhrifum og það er rétt að nefna að þessi setningagerð er ekki til í ensku þannig að við getum ekki kennt enskum áhrifum um þessa breytingu. En þar sem svipuð breyting hefur átt sér stað í írsku og pólsku er hér greinilega um „náttúrulega breytingu“ að ræða sem getur átt sér stað í mannlegu máli (sjá í þessu sambandi umfjöllun Margrétar Guðmundsdóttur 2000 um líklegar og ólíklegar málbreytingar).

Eftir því sem við best vitum er ekkert sem bendir til að svipuð breyting sé að verða í hinum norrænu málunum. T.d. má nefna að ópersónuleg þolmynd í norsku hegðar sér ekki eins og nýja setningagerðin í íslensku í sambandi við afturbeygð fornöfn. Þannig eru setningarnar í (18) ótækar en sambærilegar setningar eru tækar (eða svo gott sem) í íslensku, sjá dæmi (7).

(18) *Ópersónuleg þolmynd í norsku*

- a. \*Det ble hygget seg (Afturbeygð fornöfn)
- b. \*Det ble låst seg (selv) inne i fabrikk
- c. \*Det ble lyttet til hverandre på møtet

Niðurstöður rannsóknar okkar benda til að fyrsta skrefið í endurtúlkun hinnar nýju setningagerðar frá þolmynd til germyndar eigi sér stað í setningum með afturbeygðum fornöfnum. Ef svipuð breyting væri að verða í hinum norrænu málunum myndi hennar því líklega fyrst gæta í setningum eins og (18).

Að lokum viljum við ítreka að við teljum niðurstöður rannsóknar okkar sýna ótvírætt að nýja þolmyndin er málbreyting en ekki aðeins tískubóla í máli barna og unglunga. Elstu dæmi, sem við höfum um þessa nýju setningagerð, eru frá því um 1968 og eru þau öll utan af landi. Niðurstöður rannsóknar okkar benda einmitt til að þessi breyting hafi hafist úti á landi og sé lengra komin þar en í Reykjavík. Lengi vel virðist lítið hafa verið amast við þessari nýju setningagerð, líklega þar sem hún hefur verið stimulð sem barna- og unglingamál sem kennarar og aðrir uppástandur hafa talið að myndi eldast af börnunum. En hver verða viðbrögðin nú þegar færð hafa verið rök fyrir því að hér sé á ferðinni ný setningafræðileg breyting í íslensku? Það verður framtíðin að leiða í ljós en rétt er að hafa í huga að þó við viljum öll efla og varðveita íslenska tungu þá þarf að huga að ýmsum atriðum áður en ráðist er gegn nýjungum í

máli. Nýja setningagerðin er t.d. háð félagslegum þáttum eins og menntun eða skólagöngu foreldra og e.t.v. námsárangri nemenda. Það er því vandmeðfarið að ráðast gegn þessari málbreytingu þar sem mörgum finnst eflaust að um leið sé verið að ráðast gegn ákveðnum hópum fólks í samfélaginu. Einnig er vert að hafa í huga að í dag eru aðstæður allt aðrar í þjóðfélaginu en t.d. á fimmta áratug 20. aldar þegar hið svokallaða flámæli var svo gott sem kveðið niður. Það er því ólíklegt að herferð gegn nýju setningagerðinni bæri þann árangur sem til væri ætlast. Þó er eðlilegt að benda fólki á að hér er um nýjung í málinu að ræða sem samkvæmt íslenskri málstefnu flokkast sem rangt mál. Nýju setningagerðarinnar virðist enn sem komið er aðallega gæta í talmáli yngra fólks en hún er orðin algeng um allt land og hefur breiðst út til mismunandi setningagerða málsins. Hver sem framtíð þessarar nýju setningagerðar verður er rétt að hafa í huga að þó að málbreytingar geti vissulega ógnað stöðugleika málsins sýna þær um leið að málið er lifandi.

### **Þakkarorð**

Rannsóknin var fjármögguð af Vísindasjóði Rannsóknarráðs Íslands (RANNÍS), Rannsóknarsjóði Háskóla Íslands, Lýðveldissjóði og að hluta til af NSF-styrk: DBS-9223725. Við þökkum aðstoðarmönnum okkar, Aðalheiði Þorsteinsdóttur, Halldóru Björt Ewen, Herdísí Sigurðardóttur og Laufeyju Leifsdóttur, vel unnin störf. Þær lögðu prófblaðið fyrir nemendur um allt land og unnu úr gögnunum. Eiríkur Rögnvaldsson á sérstakar þakkir skildar fyrir ráðleggingar og hjálp við að koma gögnunum á tölvutækt form. Honum, Jóhannesi Gísla Jónssyni, Þóru Björk Hjartardóttur og fleirum þökkum við einnig athugasemdir við fyrri gerðir þessarar greinar. Við þökkum einnig Jongsup Jun fyrir að aðstoða okkur við að reikna út tölfræðilega marktækni, Beata Weiss fyrir að veita okkur upplýsingar um pólsku og Øystein Vangsnes fyrir að hjálpa okkur með norsku dæmin. Að lokum þökkum við nemendum í 10. bekk veturinn 1999-2000, fullorðnum málhöfum, kennurum, skólastjórum og öðrum þeim sem tóku þátt í rannsókninni kærlega fyrir þátttökuna.

### **Heimildir**

- Aðalheiður Þ. Haraldsdóttir. 1997. *Það var sagt mér að skrifa ritgerð. Polmynd eða ekki polmynd?* BA-ritgerð, Háskóla Íslands.
- Ásta Svavarsdóttir. 1982. „Þágufallssýki.“ Breytingar á fallnotkun í frumlagssæti ópersónulegra setninga. *Íslenskt mál* 4:19-62.
- Guðbjörg M. Björnsdóttir. 1997. „Ný polmynd“ í máli barna og unglinga. BA-ritgerð, Háskóla Íslands.
- Halldór Á. Sigurðsson. 1989. *Verbal Syntax and Case in Icelandic*. Doktorsritgerð, Háskólinn í Lundi. Endurprentun 1992, Málvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Helgi Bernódusson. 1982. *Ópersónulegar setningar*. Cand. mag. ritgerð, Háskóla Íslands.
- Helgi Hálfðanarson (ritstj.). 1984. *Gætum tungunnar*. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Helgi Skúli Kjartansson. 1991. Nýstárleg polmynd í barnamáli. *Skíma* 14:18-22.
- Jón Friðjónsson. 1989. *Samsettar myndir sagna*. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Maling, Joan. 1993. Unpassives of Unaccusatives. Óbirtur fyrirlestur fluttur við Háskólann í Irvine, Massachusetts-háskóla í Amherst, Háskólann í Helsinki og Háskóla Íslands.
- Maling, Joan og Sigríður Sigurjónsdóttir. 1997. The “New Passive” in Icelandic.

*Proceedings of the 21<sup>st</sup> Annual Boston University Conference on Language Development*, 2. E. Hughes o.fl. ritstj. Cascadilla Press, Somerville. Bls. 378-389.

Margrét Guðmundsdóttir. 2000. *Rannsóknir málbreytinga: Markmið og leiðir*. MA-ritgerð, Háskóla Íslands.

*Morgunblaðið* 20. febrúar 2001. Kynning á skýrslu sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands vann fyrir Þróunarsvið Reykjavíkurborgar um lífsskoðanir landsmanna.

Námsmatsstofnun. *Meðaleinkunnir skóla: Samræmd próf í 10. bekk 2000*.

[<http://www.namsmat.is>]

Sigríður Sigurjónsdóttir og Joan Maling. Væntanlegt. *Það var hrint mér fyrir framan blokkina*: Um setningafræðilega hegðun hinnar svokölluðu „nýju þolmyndar“ í íslensku. *Íslenskt mál* 23.

This document was created with Win2PDF available at <http://www.daneprairie.com>.  
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.